

**Ed.**

### **253. Frumvarp**

til laga um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

#### 1. gr.

Hver, sem fær vörur frá útlöndum, er skyldur til, áður en vörurnar eru afhentar honum, að sýna hlutaðeigandi lögreglustjóra eða umboðsmanni hans reikning yfir innkaupsverð þeirra, kominna um borð í skip, er flytja á vörurnar hingað til lands. Þetta nær til allra vara, sem hingað eru sendar, að undanteknum íslenskum afurðum, sem endursendar eru, og venjuleguin farangri ferðamanna. Alla reikninga um vörur, er um ræðir í 1. gr. 3., 6. og 7. lið laga nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll, svo og reikninga um fólksflutningabifreiðar, tilbúnar hurðir og glugga, skal lögreglustjóri eða umboðsmaður hans stimpla með merkjum þeim og á þann hátt, er um ræðir í lögum nr. 75, 27. júní 1921, og skulu allir slíkir reikningar stimplast með 20 % af innkaupsverði þeirra vara. — Verði ágreiningur um flokkunina, fellir ráðherra um það fullnaðarúrskurð.

Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur þær, er nú skal greina:

Galvaniseraðir balar, brúsar og fötur, bambus, bast, bíla- og hjólhestadekk og slöngur, botnvörpur, botnvörpugarn, burstar og kústar, dynamit, dælur, ný epli, ger, gerduft, glóðarlampar, hampur, kátsjúk (óunnið), kopar, kolsýra, karbólin, lamir, lásar, gluggajárn, skrár, læknistæki, lykklar, lampaglös, sútað leður og skinn, viðhafnarlaus skófátnaður úr skinni og gúmmí, gúmmihælar og sólar, lóðarbelgir, lampakveikir, lyfjavörur, meðalalýsi, málning, mottur til umbúða, net, niðursoðin mjólk, ostahleypir, pottar, pönnur, prentletur, prentsverta, þrjónavjelar, rafmagnstæki og mælar, ratin, reikningsspjöld, röntgentæki, sáraumbúðir, saumavjelar, seglgarn, sildarkrydd, skipsbrauð, smíðatól, sveskjur, svinafeiti, trjeskór og klossar, talsíma- og ritsímatæki, ullarkambar, vaxdúkur, veggfóður, vjelareimar, vír úr járn og kopar, vogir, önglar og öngultaumar.

Enn fremur er stjórninni heimilt að undanskilja þessum tolli þær efni-vörur, sem innlend iðnaðarfyrirtæki sanna fyrir henni, að þau noti til starfrækslu sinnar.

#### 2. gr.

Ákvæði 4. til 15. greinar laga nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll, skulu einnig gilda, eftir því sem við á, um gjald samkv. 1. gr. þessara laga. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um innheimtuna, um greiðslu stimpilgjaldsins af þeim vörum, sem eru sendar til landsins í pósti, og annað, er snertir framkvæmd laganna. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni.

#### 3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda til ársloka 1925.